



## Akureyrarbær

### Sumarlistamaður Akureyrar árið 2023

Frá árinu 2018 hefur Menningarsjóður Akureyrarbæjar veitt sumarstyrki til ungs og efnilegs listafólks á aldrinum 18-25 ára sem er í framhaldsnámi eða á leið í framhaldsnám í sinni grein. Markmiðið er að viðkomandi geti dregið úr sumarvinnu í júní, júlí og ágúst með námi og þess í stað lagt stund á list sína bæði með æfingum og viðburðum.

Sá listamaður sem valinn hefur verið í ár er fjöllistamaður og sviðshöfundur með áherslu á tónlist, framkomu og skrif. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hann fengist við fjölda verkefna til að mynda hjá Leikfélagi Akureyar, Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu. Hann hefur einnig gert það gott sem tónlistarmaður og textahöfundur.

Sumarlistamaður Akureyrarbæjar árið 2023 er Egill Andrason.

Egill er fæddur árið 2001. Hann lauk stúdentsprófi af leiklistarbraut frá Fjölbrautarskólanum í Garðabæ árið 2020 og stundar nú nám á öðru ári við Listaháskóla Íslands á sviðslistabraut.

Að eigin sögn er Egill mikill áhugamaður um svokallað Site-specific leikhús en það felst í að skapa leikræna viðburði í óhefðbundnum rýmum. Á starfslaunatímabilinu mun hann leggja áherslu á slíka viðburði þar sem Akureyri er leiksviðið. Einnig mun Egill halda sunnudagstónleika fyrir eldri borgara í júlí sem og vinna í handritinu Boltahland.

Fyrir hönd Akureyrarbæjar vil ég óska Agli Andrasyni innilega til hamingju.

**Ásthildur Sturludóttir**  
bæjarstjóri



## Akureyrarbær

Góðir áheyrendur.

Gleðilegt sumar!

Bæjarlistamaður Akureyrar er ekki við eina fjölinu felldur í listsköpun sinni. Hún hefur stundað tónlist, leiklist og ritlist síðan hún lauk námi í leikstjórn og leiklist í London árið 2012.

Bæjarlistamaður Akureyrar árið 2023, er listakonan og Vandræðaskáldið Sesselía Ólaf.

Sesselía fæddist árið 1987 og varði sínum uppvaxtarárum að mestu á Akureyri og í Hörgárdal. Hún lauk stúdentsprófi af málabraut MA árið 2007, lauk fjögurra ára háskólanámi í leiklist og leikstjórn árið 2012 og mun á komandi skólaári ljúka BA-gráðu í enskum bókmenntum frá Háskóla Íslands.

Sesselía hefur leikið í ýmsum sviðsverkum og kvikmyndum, hérlandis og erlendis, en hún hefur einnig samið handrit fyrir og leikstýrt verðlaunastuttmyndunum Umskipti og Betur sjá augu. Hún er einn stofnenda gríndúettsins Vandræðaskálda og leikhópsins Umskiptinga, en undir þeirra formerkjum hefur hún samið handrit, lög og ljóð.

Haustið 2021 gaf Sesselía út pastelverkið og ljóðabókina Leiðslu og undanfarið ár hefur hún unnið að handriti fræðilega tónlistaruppistandsverksins Móðir, kona, meylla.

Sesselía mun verja starfslaunatímabilinu í að semja og útsetja tónlist verksins, ásamt því að ljúka fyrsta uppkasti fantasíuskáldsögunnar Silfurberg. Þá mun hún vinna að verkefninu List getur List, en lokaafurð þess verkefnis verður sýnt á Akureyrarvöku í haust.

Að þessu sinni sóttu átta einstaklingar um listamannalaun, fjórir karlmenn og fjórar konur. Í faghópnum sátu Margrét Jónsdóttir, Daníel Þorsteinsson og Hólmkell Hreinsson. Við val á bæjarlistamanni horfðum við fyrst og fremst til þriggja meginþátta: þess sem listamaðurinn hefur unnið að á undanförunum árum, þeirra verkefna sem listamaðurinn ætlar að sinna á tímabilinu og auðga þar með menningarlíf bæjarins og þess að hann búi og starfi hér á Akureyri.

Að endingu viljum við í faghópnum óska Sesselíu til hamingju, sem og Akureyringum með nýjan bæjarlistamann.